



515. fundur Þingvallanefndar

22.maí 2024 kl 12:00-13:00

Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Andrés Ingi Jónsson, Oddný Harðardóttir, Orri Páll Jóhannsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Tómas A.Tómasson og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestur: Lilja Jónasdóttir lögmaður

Formaður setur fund og stýrir.

Dagskrá:

1. Stækkun þjóðgarðsins – umræða

Umræðan átti að vera fyrir í vor að beiðni Orra Páls Jóhannessonar en var frestað. Þjóðgarðsvörður fer yfir stærð þjóðgarðsins í sögulegu tilliti og þær breytingar sem hafa orðið frá setningu fyrstu laga um þjóðgarðinn árið 1928 og ræðir um landslagsheildir og landsvæði sem liggja að þjóðgarðinum. Kynnir einfaldar tillögur sem lagðar voru fyrir Þingvallanefnd haustið 2019 en voru lagðar til hliðar vegna vinnu við miðhálendisþjóðgarðs. Ítrekar að lagabreytingu þurfi til að breyta mörkum þjóðgarðsins. Almenn umræða um möguleika á stækkun, stjórnfyrirkomulagi og tengingu við tillögu að tilnefningu náttúru Þingvallasvæðisins á heimsminjaskrá UNESCO.

2. Atvinnustefna-drög til umræðu

Þjóðgarðsvörður og Lilja Jónasdóttir lögmaður kynna drög að atvinnustefnu. Markmiðið er að setja skýra umgjörð um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins. Almenn umræða en ákveðið að taka málið aftur fyrir á fundi og ræða betur.

Fundi slitið